

 Re: Grenndarkynning - umsókn um Skógrækt í Valley

Búið til	17.3.2021 15:56:15
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	17.3.2021 15:56:14
Tilheyrir	 202102-0040 - Grenndarkynning - umsókn um Skógrækt í Valley við Skjálfandafliót.

Efni

Re: Grenndarkynning - umsókn um Skógrækt í Valley

Upplýsingar**Vinnsla**

Sent	17.3.2021 15:56:14	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Pátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	atli@skutustadahreppur.is

Innihald

Tilvísun í mál nr. 202102-0040 (OKV)

Í meðfylgjandi tölvubréfi frá skipulagsfulltrúa Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar, dags. 22. febrúar 2021, er leitað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands varðandi umsókn um framkvæmdaleyfi vegna skógræktaráforma í Valley í Skjálfandaflióti. Í umsóknarbréfinu sem fylgdi með, dags. 03.11.2020, óskar eigandi lögbýlisins Hlíðskóga eftir framkvæmdaleyfi til nytjaskógræktar á landi jarðarinnar.

Efni

Í bréfinu eru kynnt áform um fyrirhugaða skógrækt í Valley í Skjálfandaflióti og tvo skógræktarreiti í grennd við bæinn Hlíðskóga vestan Vallakvíslar. Skógræktarsvæðið er samanlagt um 76 ha og þar af er bróðurpartur þess í Valley.

Í Valley er áætlað að planta lerkí í rýrt land en furu og birki í frjósamara land og verður „lögð áhersla á að rækta fjölbreyttan og þróttmikinn skóg og þess verður gætt að skógurinn falli sem best að landslagi með ásynd skógarins í huga. Megin áhersla er lögð á að skógurinn skapi skjól, auki lífsgæði fólks, bindi kolefni og gefi af sér viðarnytjar.“ Markmið skógræktarinnar norðan og sunnan Hlíðskóga er skv. kynningu að „skapa skjól fyrir bústofn, húsakost og fólk“.

Í bréfinu er tekið fram að svæðið er ekki á náttúruminjaskrá, njóti ekki sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd, friðlýstar fornminjar eru ekki innan svæðis og þess gætt að gróðursett verður ekki nær minjum en 15 m frá ystu mörkum. Þá er þar tekið fram að á svæðinu eru engar sérstakar jarðmyndanir né vistgerðir sem njóta verndar skv. náttúruverndarlögum, nema þó að í Valley er að finna tvær hraunborgir sem yrðu undanskildar skógrækt.

Umsögn Náttúrufræðistofnunar
Jarðminjar og gróður á fyrirhuguðu skógræktarsvæði

Valley

Náttúrufræðistofnun vill byrja á að leiðrétta þá rangfærslu að „Á svæðinu eru engar sérstakar jarðmyndanir né vistkerfi sem njóta verndar skv. náttúruverndarlögum.“ Hið rétta er að Valley er öll á Bárðardalshrauni eins og sjá má á kortasjá Náttúrufræðistofnunar: <https://serstokvernd.ni.is/> (<https://serstokvernd.ni.is/>). Hraunið er myndað við umbrot í Bárðarbungueldstöðinni en aldur þess er áætlaður um 10.000 ár (Árni Hjartarson 2004). Hér er því um nútímahraun að ræða en hraunið rann fram Bárðardal norður að Þingey rúmlega 100 km leið. Nýtur hraunið því verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd (60/2013):

„Eftirtalдар jarðminjar njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 3. gr.:

a. eldvörp, **eldhraun**, gervíggar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma,...

Skjálfafljót rennur mikið til ofan á hrauninu en við Valley rennur fljótið beggja vegna hrauntungunnar og nefnist vestari kvíslin Vallakvísl. Fljótið gengur að hluta yfir eyna í flóðum og er hún sandborin að hluta og ummerki um áfoksgeira í eygni. Syðst er eyjan blásin og þar eru melhólar greinilegir en nyrst er eyjan sömuleiðis sandborin. Þessir hlutar eyjunnar eru flokkaðir skv. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar til vistgerða hraunlendis (<https://vistgerdakort.ni.is/>) (<https://vistgerdakort.ni.is/>). Stærstur hluti eyjunnar hefur þó ekki blásið og er þar að finna ýmsar mólendis- og graslendisvistgerðir samkvæmt vistgerðakorti og óútgefnu gróðurkorti Náttúrufræðistofnunar. Er fjalldrapamóavist einkennandi nyrst í Valley ásamt víðikjarrvist. Er verndargildi fjalldrapamóavistar metið miðlungi hátt en víðikjarrvistar mjög hátt. Eyjan er grösugri fyrir miðju og eru þar ýmsar vistgerðir graslendis, s.s. snarrótarvist, grasengjavist og língresis- og vingulsvist skv. vistgerðakorti. Allar eru þær metnar með hátt verndargildi. Á vistgerðakorti koma fram nokkrir smáir flekkir með votlendi, einkum starungsmýravist, en ólíklegt má teljast að það eigi við rök að styðjast.

Af loftmyndum að dæma hefur verið unnið að uppgræðslu í eygni til að stemma stigu gegn jarðvegsrofi og gróðureyðingu, einkum syðst og í áfoksgeirum. Lúpína er í eygni og má telja líklegt að hún dreifi sér víðar um hana í framtíðinni. Á vefsíðu Loftmynda (www.map.is) (<http://www.map.is>) má bera saman loftmyndir frá 1998 og 2018 en á þeim er greinanleg aukning á víðikjarri í eygni og eins má greina að birki er þar að vaxa upp. Er verndargildi víðikjarrvistar metið mjög hátt í frummati (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016) og við endurskoðun matsins, þar sem tekið var tillit til fleiri þátta, fékk vistgerðin gildið 25 (verndargildi landvistgerða var á bilinu 3-38) (Olga Kolbrún Vilmundardóttir o.fl. 2019). Í bréfinu segir: „Fyrir var eyjan beitt á sumrin.“ en slíkar nytjar hafa lagst af. Ýtir það undir náttúrulega gróðurframvindu og má gera ráð fyrir að kjarrlendi, bæði víði- og birkikjarr verði í sókn næstu áratugi, muni landnýting leyfa.

Samkvæmt uppdrátti skógræktarsamningssvæðis í Valley er einungis gert ráð fyrir að planta í gróið land og yrðu helstu tegundir lerki, fura og birki.

Við Hlíðskóga

Í hlíðum Bárðardals vestanverðum ofan Hlíðskóga eru miklir birkiskógar sem hafa verið í sókn síðustu áratugi vegna minni skógarnytja og beitarálags. Af skógarþekju Skógræktarinnar (<https://iceforestservice.maps.arcgis.com/apps/webappviewer/index.html?id=de3bbce4966b4290847ba4ae0c87d3f3>) (<https://iceforestservice.maps.arcgis.com/apps/webappviewer/index.html?id=de3bbce4966b4290847ba4ae0c87d3f3>) að dæma er þar bæði um ungskóga, kjarrskógavist, og hávaxnari og þéttari skóga að ræða, sem teljast ýmist til blómskóga- eða lyngskógavistar. Allar þrjár vistgerðirnar hafa hátt verndargildi og voru skilgreindar sem forgangsvistgerðir (Olga Kolbrún Vilmundardóttir o.fl. 2019). Á korti Rannsóknastofnunar landbúnaðarins (1982) þekja birkiskógar hlíðar meira og minna ofan túna. Talið er að birkiskógar Bárðardals hafi aldrei gjöreyðst og falla þeir undir 61. grein laga um náttúruvernd (60/2013):

Eftirtalin vistkerfi njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 2. gr., sbr. og c-lið 3. gr.:

b. [sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré].

Í brekkurótum, ofan túna, eru víða votlendisblettir sem teljast til starungsmýravistar. Vistgerðin hefur mjög hátt verndargildi, fékk gildið 32 í endurmati, er skilgreind forgangsvistgerð og er á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar (<https://eunis.eea.europa.eu/habitats/5206>) (<https://eunis.eea.europa.eu/habitats/5206>). Votlendisblettirnir eru þó litlir að umfangi og í grennd við framræst votlendi sem nytjað er sem tún. Þeir falla því ekki undir 61. gr.

Af uppdrátti af skógræktarsamningssvæði og loftmyndum að dæma má ætla að fyrirhugaðir skógræktarreitir norðan og sunnan bæjarins Hlíðskóga séu að miklum hluta ofan framræsluskurða, í votlendi sem telst til starungsmýravistar og er umlukið vistgerðum birkiskóga.

Umsögn

Að framansögðu getur stofnunin ekki annað en lagst gegn því að á þessu svæði verði stunduð nytjaskógrækt þar sem trjáplöntum verði plantað í gróið mólendi og graslendi Valleyjar. Álitið byggir á því að:

1. í Valley eru vistgerðir með hátt verndargildi sem eru sjálfum sér nægar að mynda kjarr- og skóglendi, binda kolefni og skapa skjól,
2. að notkun furu og lerkis í skógrækt muni hafa töluverð sjónræn áhrif auk þess sem tegundirnar hafa alla burði til að dreifa sér með fljótsbökkum neðar með fljótinu allt til strandar,
3. að Valley er á Bárðardalshrauni sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd.

Þess má geta að stafafura hefur alla burði til að flokkast sem framandi, ágeng tegund hér á landi (sjá t.d. Menja von Schmalensee 2010, Hanna Björg Guðmundsdóttir 2012) en hún hefur verið skilgreind sem svo í öðrum löndum (sjá t.d. Nýja Sjáland <https://www.doc.govt.nz/nature/pests-and-threats/weeds/common-weeds/wilding-conifers/> (<https://www.doc.govt.nz/nature/pests-and-threats/weeds/common-weeds/wilding-conifers/>)).

Hvað varðar skógræktaráform eða skjólbeltarækt vestan Vallakvíslar við Hlíðskóga vill Náttúrufræðistofnun benda á að á þeim svæðum eru verðmætar vistgerðir birkiskóga sem og votlendis. Sökum smæðar sinnar og nálægð við framræst land fellur votlendið ekki undir 61. gr. laga um náttúruvernd. Það gera birkiskógarnir hins vegar og getur stofnunin ekki mælt með skógrækt innan þessara vistgerða. Með markmið skógræktarinnar í huga mætti ætla að birkiskógarnir myndu að einhverju leyti duga til skjólmyndunar. Ef planta á í aflögð tún sem eru í framræstu votlendi heyrir öðru máli en í því samhengi þarf að huga að tegundavali við útplöntun upp á að trjátegundir berist ekki út frá svæðinu inn í náttúruleg gróðurlendi. Ekki er gerð grein fyrir þeim plöntutegundum sem landeigandi hyggst nota við útplöntun í grennd við Hlíðskóga.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

Heimildir:

Árni Hjartarson 2004. Hraunin í Bárðardal. Náttúrufræðingurinn 72 (3-4), bls. 155-163.
<https://timarit.is/page/4257889#page/n65/mode/2up>
(<https://timarit.is/page/4257889#page/n65/mode/2up>)

Hanna Björg Guðmundsdóttir 2012. *Útbreiðsla stafafuru (Pinus contorta) undir Staðarfjalli í Suðursveit*. Ritgerð sem hluti af BS gráðu í landfræði. Leiðbeinandi Guðrún Gísladóttir. Líf- og umhverfisvísindadeild. Háskóli Íslands. Reykjavík. [sótt 08.01.2021 á <https://www.vinirvatnajokuls.is/media/3056/lokaskyrsla-stafafura-i-stadarfjalli-i-sudursveit.pdf> (<https://www.vinirvatnajokuls.is/media/3056/lokaskyrsla-stafafura-i-stadarfjalli-i-sudursveit.pdf>)].

Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. 299 s. https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf
(https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf) .

Lög um náttúruvernd 60/2013. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>
(<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>) .

Menja von Schmalensee 2010. Vágastir í vistkerfum – Seinni hluti. Framandi og ágengar tegundir á Íslandi. Náttúrufræðingurinn 80 (3-4), bls. 84-102.

Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Ásrún Elmarsdóttir, Borgþór Magnússon, Guðmundur Guðmundsson, Ingvar Atli Sigurðsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Kristján Jónasson, Lovísa Ásbjörnsdóttir, Marianne Jensdóttir Fjeld, Sigmar Metúsalemsson, Starri Heiðmarsson, Sunna Björk Ragnarsdóttir, Þóra Hrafnisdóttir og Trausti Baldursson 2019. Framkvæmdaáætlun náttúruuminjaskrár: svæðaval og ávinningur verndar. NÍ-19008. Náttúrufræðistofnun Íslands, Garðabær. <https://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NÍ-19008.pdf> (<https://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NÍ-19008.pdf>)

Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1982. Gróðurkort af Íslandi. Blað 285. Mátvatn. 1:40.000.

Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands í kortasjá: <https://vistgerdakort.ni.is/> (<https://vistgerdakort.ni.is/>)

Sérstök vernd náttúruvyrirbæra í kortasjá: <https://serstokvernd.ni.is/> (<https://serstokvernd.ni.is/>)

Wilding conifers. Department of Conservation/Te Papa Atawhai. New Zealand Government. Sótt þann 08.01.2021 á <https://www.doc.govt.nz/nature/pests-and-threats/weeds/common-weeds/wilding-conifers/> (<https://www.doc.govt.nz/nature/pests-and-threats/weeds/common-weeds/wilding-conifers/>)

From: "Atli Steinn Sveinbjörnsson" <atli@skutustadahreppur.is>
To: "Móttaka - NÍ" <Mottaka@ni.is>
CC:
Subject: Grenndarkynning - umsókn um Skógrækt í Valley
Date: 22.2.2021 10:29:34

Góðan dag, leitað er til NÍ eftir umsögn vegna framkvæmdaleyfisumsóknar um skógræktaráform í Valley í Skjálfandafjlóti.

Síðasti umsagnardagur er til 18. mars 2021.

Bestu kveðjur



Atli Steinn Sveinbjörnsson

Skipulagsfulltrúi

Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit



Sími/Tel. (+354) 464 6664

atli@skutustadahreppur.is (<mailto:atli@skutustadahreppur.is>)

www.skutustadahreppur.is (<http://www.skutustadahreppur.is/>)



Meðferð tölvupósts - Disclaimer (<http://www.skutustadahreppur.is/v/19465>)

Viðhengi

image006.jpg (1 KB)

image001.png (5 KB)

image003.png (3 KB)

image001.png (18 KB)

image003.png (5 KB)

image002.png (7 KB)

image005.jpg (26 KB)

image004.jpg (1 KB)